

## AUGLÝSING

### um staðfestingu á breytingu á skipulagsskrá fyrir Símenntunarmiðstöð Eyjafjarðar SÍMEY sem staðfest var 15. september 2000 nr. 706.

Stjórn sjóðsins hefur samþykkt eftirfarandi breytingar á skipulagsskrá sjóðsins:

4. grein orðist svo:

Stjórn Símenntunarmiðstöðvar Eyjafjarðar er skipuð sjö mönnum til tveggja ára í senn og sjö til vara. Menntastofnanir sem eiga aðild að Símenntunarmiðstöðinni tilnefna einn fulltrúa, stéttarfélag í Eyjafirði sem aðild eiga að miðstöðinni tilnefna tvo fulltrúa og sé annar fulltrúi verkafólks á almennum vinnumarkaði en hinn fulltrúi opinberra starfsmanna, atvinnurekendur tilnefna tvo fulltrúa og sé annar fulltrúi einkafyrirtækja og hinn opinberra stofnana, Akureyrarbær tilnefnir einn fulltrúa og sveitarfélög í Eyjafirði tilnefna einn fulltrúa. Varanmenn skulu tilnefndir með sama hætti. Stjórn skiptir með sér verkum. Einfaldur meirihluti gildir á stjórnarfundum. Forstöðumaður situr að jafnaði stjórnarfundum með málfrelsi og tillögurétt.

Ofangreindar breytingar á skipulagsskrá fyrir Símenntunarmiðstöð Eyjafjarðar staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá nr. 19/1988.

*Sýslumaðurinn á Sauðárkróki, 28. maí 2008.*

**Ríkarður Másson.**

\_\_\_\_\_  
*Birkir M. Magnússon.*

\_\_\_\_\_  
B-deild – Útgáfud.: 18. júní 2008